

Nd.

106. Frumvarp til laga

[93. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, sbr. lög nr. 96 frá 27. des. 1971.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

19. gr. laganna (sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971) orðist svo:

Nú eru tekjur elli- og örorkulífeyrisþega lægri en kr. 150 000.00 á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það, er á vantar þá upphæð. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án þess.

Við ákvörðun um hækkun lífeyris samkvæmt 1. og 2. mgr. hér að framan skal ekki reikna til tekna lífeyri eða vinnutekjur, sem eru innan við kr. 6000.00 á mánuði. Rökstyðja skal umsókn um hækkun með t. d. skattframtali. Enn fremur skal höfð hliðsjón af því, hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar.

Að fengnum, tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkunar samkvæmt þessari grein.

2. gr.

4. og 5. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráði er heimilt að veita ekkju ekkjulífeyri frá 50 ára aldri, þótt hún hafi verið yngri, er maður hennar lézt eða hún hætti að taka barnalífeyri, enda hafi hjónabandið staðið a. m. k. 10 ár.

Ekkjulífeyrir fellur niður, ef ekkja gengur í hjónaband. Fullur árlegur ekkjulífeyrir skal vera kr. 70 560.00. Ákvæði 19. gr. laga þessara um lágmarkstekjutryggingu elli- og örorkulífeyrisþega skulu og gilda um ekkjur, sem rétt eiga á fullum ekkjulífeyri, eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Undirliður 1 (Að fullu skal greiða), f-liður 32. gr. laganna orðist svo:

Sjúkraflutning fyrst eftir slys eða þegar ella verður nauðsyn að senda sjúkling til meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, þó ekki fyrir einstakar ferðir, þegar um stundun er að ræða.

Undirliður 2 (Að hluta skal greiða), a-liður orðist svo:

Að hálfu ferðakostnað til læknis með leigubíl, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni.

4. gr.

Lög þessi taka gildi frá og með 1. jan. 1973.

Greinargerð.

Þegar lögín um almannatryggingar voru endursamin og samþykkt vorið 1971, voru þau nýmæli meðal ýmissa annarra, að hverjum elli- og örorkulífeyrisþega skyldu tryggðar a. m. k. 84 þús. kr. lágmarkstekjur, þ. e. að væru tekjur hans lægri alls en 84 þús. kr. á ári, skyldi skylt að hækka lífeyri hans svo, að bilið yrði brúað. Með lagabreytingu í des. 1971 var þetta tekjulágmark hækkað í 120 þús. kr., enda hafði almennt kaupgjald hækkað verulega frá vordögum eða fyrri lagasetningu og dýrtíð aukizt umtalsvert.

Nú hefur verðbólguhjólíð enn snúizt drjúgan síðan í des. 1971, og veitir því ekki af að hækka lágmarkið á ný, ef tekjutryggingin á ekki að sverfast af. Er því hér lagt til, að hún verði hækkuð í 150 þús. kr. frá 1. jan. 1973.

Við framkvæmd þeirrar tekjutryggingar, sem að framan getur, eða útreikning á því, hverjir eigi rétt á henni, hefur komið í ljós, að fyrir borð detta flestir, ef ekki allir, sem einhvern lífeyri hafa auk almannatrygginga, hversu smár sem hann er, sem og allir þeir, sem smávægilegustu vinnutekjur hafa, flestar nánast fyrir störf, sem aðeins eru leyst af hendi þeim til hugarléttis og afþreyingar, sem vinna þau. Finnst almenningi þetta óþarfa smámunasemi löggjafans, og er þeirri skoðun hér mætt með tilgreindu lágmarki tekna eða lífeyris, er elli- og örorkulífeyrisþegi megi hafa á mánuði, án þess að það orki á tekjutryggingarákvæðið. Kemur þetta fyrst og fremst þeim til hagræðis, sem eru á lögstum lífeyri verkalýðsfélaganna eða vinna enn fyrir sér hörðum höndum eftir 67 ára aldurinn, og ætti löggjafanum ekki að blæða í augum þessi smávægilega eftirgjöf eða linun ákvæða.

Breytingin á ekkjulífeyri er sú markverðust, að hér er lagt til, að ekkja, sem komin er rétti samkvæmt á fullan ekkjulífeyri, sem er ákveðinn jafnhár elli- og örorkulífeyri einstaklings, hafi og þann rétt, að séu tekjur hennar undir ákveðnu lágmarki, eins og tekjur elli- og örorkulífeyrisþega, þá sé henni bætt það upp að ákveðnu marki eins og þeim. Virðist óeðlilegt, fyrst fullur ekkjulífeyrir er talinn af löggjafanum þurfa og eiga að vera jafn fullum, elli- og örorkulífeyri, og þá eigi ekkjan ekki rétt til lágmarkstekjutryggingarinnar líka.

Breytingarnar við 32. gr. almannatryggingalaga eru eingöngu fluttar til hagræðingar á framkvæmd þeirra tilvika, sem þar greinir. Mörg dæmi eru um það úti á landsbyggðinni, að ýmist næst ekki til sjúkrafreiða eða sjúkraflugvéla til flutninganna, sem um ræðir, eða vól er á drjúgum ódýrari flutningi, sem samkvæmt orðalagi laganna nú má þó ekki greiða. Virðist slíkt fráleitt. Sama máli gegnir um það, að leita verði bifreiðar afbæjar, svo að greiðsluhæft sé, en ekki megi greiða sömu greiðslu út á heimabifreið, ef tiltæk er til sjúkraflutnings.